

Stjórnarfundur nr. 2

15. ágúst 2013 kl.18:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir eru: Jóna Th. Viðarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson, Herdís Hallmarsdóttir og Ólafur E. Jóhannsson. Brynja Tomer, Delia Howser og Guðmundur A. Guðmundsson boðuðu forföll.

Ritari: Fríður Esther Pétursdóttir

Dagskrá:

1. Skýrsla frá framkvæmdastjóra HRFÍ

Sýning í september.

717 hundar eru skráðir á sýninguna 7-8.september nk.sem er tveimur hundum færra en á sömu sýningu í fyrra. Áberandi er samt fækkun á skráningu á Ísl.fjórundi, en en þeir fóru úr 39 hundum í 19 hunda og Cavalier úr 41 í 28 hunda en báðar þessar tegundir voru með deildasýningu í sumar. Aðrar tegundir og grúbbur eru innan eðlilegra skekkjumarka og flestar með aukningu.

Að öðru leiti gengur undirbúningur fyrir sýningu vel, en með nýjum vefposum sem við höfum tekið í gagnið á skrifstofu sparast bæði peningur sem annars mundi fara í að leigja tímabundið posa á álagspunktum og eins getum við nú tekið á móti maestro debetkortum í gegnum síma og getum þannig aðeins komið á móts við þá félagsmenn úti á landi sem ekki eru með kreditkort.

Teppamáli.

Leitað var tilboða hjá nokkrum aðilum og ýmsar gerðir teppa skoðaðar, niðurstaða var að kaupa grænt teppi sem við fáum á góðu verði hjá Bauhaus, ekki fékkst neinn styrkaraðili. En til þess að spara, munum við aðeins leggja renninga líkt og algengt er á sýningum erlendis, s.s ekki teppaleggja allt svæðið. Kaupa þarf rétt rúmlega 450.fm af teppi og áætlaður kostnaður við það er tæp 400.000.- með flutning.

Hálfsársuppgjör.

Uppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins er að mestu tilbúið, en mér fannst rétt að þar sem gjaldkeri félagsins er ekki að staðnum að bíða með að kynna það til næsta fundar, en ég get samt sagt ykkur að staðan er langt frá því að vera nógu góð. Félagið er ennþá rekið með tapi og það er augljóst að við þurfum að herða ennþá meira sultarólina.

Tillögur að sparnaði.

Mig langar því í framhaldi af því koma með þá tillögu að við hættum að prenta Sám út, að minnsta kosti tímabundið og gefa hann aðeins út sem vefblað. Vefblöð eru að ná auknum vinsældum, enda hagkvæmur og náttúruvænn kostur.

Til að þið áttið ykkur á kostnaði við Sám, þá var hreinn prentkostnaður rúmlega 2.300.000 í fyrra og áætlun er að hann verði í 1.900.000 í ár. Póstburðagjöld voru um 800.000.- 2012, en stefna í að verða að öllu óbreyttu um 500.000 í ár. Prent - og sendingakostnaður það sem komið er af árinu er um 780.000.- þannig að ef við gefum út næstu tvö blöð rafrænt ættu að sparast um 1.600.000.- í ár og rétt um 2.500.000 á næsta ári. Auglýsingar dekkja aðeins litla prósentu af kostnaði, en eru upb.200-300.000 án vsk á hvert blað.

Eins er ég að skoða möguleikana á að leigja út skrifstofu formannsins, sem hefur lítið verið notuð og gæti mögulega hentað litlum einyrkjum, þá með aðgangi af eldhúsi, salerni og fundaraðstöðu. En þær hugmyndir eru ennþá bara á frumstigi.

Stjórn var sammála að nota félagafund sem er áætlaður í september til að kynna kanna hug félagsmanna um framtíð Sáms.

2. Ra ehf.

Þann 20. júní kom stjórn HRFÍ saman ásamt varamönnum og fjalllaði um málefni Ra ehf – þ.e. lán í vanskilum hjá Íslandsbanka. Ákveðið var að Jóna Th. Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Delia Howser og Arinbjörn Friðriksson færu á fund með þeim sem sér um málið hjá bankanum og kynna tillögu sem samþykkt var á stjórnarfundinum. Mánudaginn 24. júní áttum við fund með lánastjóra

útibúsins, var tillögu okkar vel tekið. Afgreiðslan tafðist miðað við það sem áætlað var en svar barst frá bankanum föstudaginn 9. ágúst þess efnis að bankinn hefði samþykkt tillögu okkar að lausn málsins. Okkur ber að ljúka málinu fyrir 15. október. Félagafundur er áætlaður í september til að kynna málið fyrir félagsmönnum.

3. Erindi frá stjórn Papillon og phaléneideildar – umsókn um deildarsýningu

Samþykkt 19.október, en aðeins með tegundum í viðkomandi deild.

4. Laugavegsganga.

Framkvæmdastjóra var falið að ákveða dagsetningu.

5. Þjónustu- og afrekshundur

Val á afreks- og þjónustuhundi ársins!

Á nóvembersýningu HRFÍ, ár hvert mun afreks- og þjónustuhundur ársins verða heiðraðir. Leitað er eftir tilnefningum í þessa samkeppni. Með tilnefningunni þarf að fylgja frásögn um hundinn og góðverk hans ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum s.s. nafn hans, aldur, nafn eiganda, nafn sendanda, o.s.frv. Ekki eru gerðar kröfur um að hundurinn sé hreinræktaður. Allar tilnefningar eru vel þegnar jafnvel þó langt sé um liðið. Til að taka þátt í vali um afrekshund ársins þarf hundurinn með einhverjum hætti að hafa komið að björgun manna og/eða dýra, liðsinnt fötluðum eða veikum einstaklingum eða verið til uppörvunar og hjálpar á einn eða annan hátt.

Margar frásagnir eru til af hetjudáðum „besta vinar mannsins“ sem hafa snortið hjörtu okkar. Undir heitið þjónustuhundur ársins tilheyrja þeir hundar sem vinna allan ársins hring að þjónustu í samfélaginu. Þar má nefna lögreglu- fíkniefna- toll- björgunarhunda o.s.frv. Tilnefningar skal senda með pósti til skrifstofu HRFÍ, Síðumúla 15, 108 Reykjavík eða með tölvupósti, netfang: hrfi@hrfi.is

Auglýst hefur verið á vefsíðu HRFÍ og á facebooksíðu félagsins eftir tillögum.

6. Tillaga að ályktun frá Brynju Tomer vegna WDS í Rússlandi árið 2016

Tölvupóstur frá Brynju Tomer 14. ágúst:

„Ég undirrituð, Brynja Tomer, legg til að stjórn HRFÍ samþykki neðangreinda ályktun. Ég óska eftir því að erindið í heild birtist í fundargerð stjórnar og að í sömu fundargerð verði greint frá niðurstöðu stjórnar.“

Ennfremur tel ég við hæfi að tilkynning Rafael de Santiago verði þýdd á íslensku og birt á heimasíðu Hundaræktarfélags Íslands.

Ályktun sem Brynja Tomer leggur fyrir stjórnarfund HRFÍ

„Ákveðið hefur verið að Heimssýning hunda (Dog World Show) verði haldin í Rússlandi árið 2016. Í ljósi þess að rússneska þingið (Duma) samþykkti nýverið lög um bann við svokölluðum „áróðri um samkynhneigð“ sem Vladimir Putin staðfesti, hefur Rafael de Santiago forseti FCI sent frá sér tilkynningu.“

Stjórn HRFÍ tekur undir áhyggjur forseta FCI sem fram koma í tilkynningu hans og mun senda honum erindi þar sem lýst er yfir stuðningi stjórnar HRFÍ við þau sjónarmið sem þar koma fram.

Innan raða Hundaræktarfélags Íslands eru samkynhneigðir, sem og annars staðar í þjóðfélaginu og heiminum öllum. Hin nýsamþykktu lög í Rússlandi heimila meðal annars handtöku og fangelsun samkynhneigðra og þeirra sem taldir eru styðja mannréttindi samkynhneigðra.

Í sömu tilkynningu hvetur Rafael de Santiago aðildarþjóðir FCI til að tryggja góða meðferð dýra, sér í lagi hunda, enda ólíðandi atvik líkt og það sem átti sér stað á hundasýningu í Litháen nýlega, þar sem hundur var útrekað barinn með priki án þess að nokkur viðstaddra léti til sín taka.

Lýsir stjórn HRFÍ einnig yfir stuðningi við það sjónarmið að hundaræktarfélögum beri að beita sér fyrir góðri meðferð dýra, einkum hunda.“

Virðingarfyllst, Brynja Tomer.

Þessu máli tengt hafa neðangreindir félagsmenn sent inn eftirfarandi áskorun til stjórnar HRFÍ:

Sóley Ragnar Ragnarsdóttir, Arnheiður Runólfsdóttir, Ásta María Karlsdóttir

„Ég skora hér með á stjórn HRFÍ að hvetja forseta FCI til að beita sér fyrir því að heimssýningin 2016 verði haldin annars staðar en í Rússlandi og henni fundinn vettvangur hjá þjóð sem virðir Alþjóðasamning um borgaraleg réttindi og Mannréttindasáttmála Evrópu. Nýsamþykktum lögum í Rússlandi er beinlínis beint gegn samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og transfólki ásamt þeim sem styðja réttindabaráttu þeirra.“

Bókun stjórnar:

Réttindi manna og dýra eru víða fótum troðin. Flestum ofbýður ofstæki yfirvalda gagnvart minnihlutahópum og m.a samkynhneigðum í Rússlandi með nýjum „Anti gay“ lögum. Vegna þess hefur forseti FCI, Rafael de Santiago, gefið út persónulega yfirlýsingu vegna WDS í Rússlandi 2016. Þar segir hann m.a. ábyrgjast og fullvissar meðlimi FCI um að stjórn FCI muni standa einhuga á móti hverskonar mismunun eða ofbeldi gegn hundum, mönnum og öllum lifandi verum. Rafael segist persónulega á móti umdeildum lögum í Rússlandi en tekur fram að FCI þurfi að fylgja lögum og samþykktum.

Stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu þessa máls a.m.k. þar til NKU fundur verður haldinn í Reykjavík 8. október n.k. til að sjá hvort/hvernig NKU systurklúbbar okkar ætla að bregðast við.

Fundi slitið kl.19.00

Sign: Jóna Th. Viðarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson, Herdís Hallmarsdóttir og Ólafur E. Jóhannsson.